



Starfsáætlun 2025-2026

Leikskólinn Vesturkot

Leikur – Samvinna – Virðing



Formáli

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir Aðalnámskrá leikskóla. Hver og einn leikskóli vinnur sína skólanámskrá í takt við Aðalnámskránnar þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram. Í framhaldi er gerð starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans.

Lög um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 tryggja að þjónusta sem snýr að börnum sé samræmd og samþætt á milli opinberra aðila, þannig að börn og fjölskyldur þeirra fái allar þær upplýsingar og stuðning sem þau þurfa. Í samræmi við þessi lög er mikilvægt að leikskólar hafi skýra og samræmda nálgun í vinnu með þjónustu og stuðning við börn.

Í Menntastefnu Hafnarfjarðarbæjar til ársins 2030 (ekki opinber) hafa verið sett fram fjögur leiðarljós:

- **Sköpun:** Lögð er áhersla á að börn fái tækifæri til að þroskast í gegnum leik, frístundir og skapandi skólastarf. Fundar verði nýjar leiðir í skóla- og frístundaumhverfi með frumkvöðlastarfi, tækni og listsköpun og þær þróaðar áfram.
- **Fjölbreytileiki:** Börn er virðing fyrir öllum einstaklingum, lífsháttum og áhersla lögð á að námsumhverfi endurspegli margbreytileika mannlífsins. Fjölbreyttar kennsluáðferðir styðji við jafnræði, jafnrétti, lýðræði og mannréttindi.
- **Vellíðan:** Áhersla er lögð á öruggt námsumhverfi og aðstæður til leiks og starfs svo að börn öðlist trú á eigin getu, eflist og byggji upp seiglu. Einnig að snemmbær stuðningur, forvarnir og valdefling leggi grunn að vellíðan og velferð allra.
- **Samvinna:** Byggt verður upp námssamfélög með þátttöku allra og að samvinna stuðli að lýðræðislegri virkni og tengslum. Þverfagleg samvinna og teymi eiga að styðja við framþróun og nýjar nálganir.

Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna til ársins 2030 um sjálfbæra þróun eru leiðarljós í leikskólastarfi. Markmiðin eru í raun framkvæmdaráætlun í þágu mannkynsins, jarðarinnar og hagsældar. Þá verður einnig að virða réttindi barna samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, þar sem börn eru viðurkennd sem sjálfstæðir einstaklingar með rétt til að taka þátt í ákvörðunum sem varða þeirra líf og velferð.

Efnisyfirlit

Formáli	2
1. Inngangur	4
2. Aðalnámskrá leikskóla	4
3. Einkunnarorð/gildi	5
4. Megináherslur á skólaárinu	6
5. Starfsmannahald	7
6. Daglegt starf	8
7. Skóladagatal	11
8. Samstarf	11
9. Stoðþjónusta	11
10. Mat á skólastarfi	12
11. Öryggi og velferð	15

1. Inngangur

Leikskólinn Vesturkot var opnaður 14. apríl 1994. Deildir leikskólans eru fjórar og heita Gulakot og Rauðakot (f. eldri börn), Grænakot og Bláakot (f. yngri börn). Fyrir utan deildirnar er salur, bókasafn, listakot og kubbakot en það eru sameiginleg svæði sem börnin skiptast á að fara í yfir vikuna. Leikskólalóðinni er skipt í litla garð fyrir yngstu börnin og stóra garð fyrir þau eldri. Rými er fyrir 84 börn í leikskólanum og fer fjöldi starfsfólks hverju sinni eftir aldri barna, vistunartíma barna, fjölda úthlutaðra sérkennslutíma til barna og fjölda undirbúningstíma starfsfólks.

Leikskólinn er opinn frá 7:30 til 16:30 virka daga og geta foreldrar keypt breytilegan dvalartíma. Hámarks dvalartími á hverjum degi er átta og hálf klukkustund, lágmarksdvöl eru 20 tímar á viku eða fjórar klukkustundir á dag og hámarks dvalartími hvernar viku eru 42 tímar á viku.

Frá og með 1. september 2024 tók í gildi nýtt skipulag fyrir leikskóladaginn í Hafnarfirði. Með nýju skipulagi er starfsemi innan leikskóladagsins tvíþætt, með fagstarfi og frjálsum tíma. Leikskólagjöld voru lækkuð í takt við styttri og sveigjanlegan dvalartíma og leikskóladagatalið varð 180 dagar og aðrir dagar ársins eru sérstakir skráningardagar. Markvisst fagstarf fer fram frá 9:00 til 15:00 alla virka daga. Frjáls tími og leikstundir eru frá 7:30 til 9:00 og eftir klukkan 15:00 á daginn.

2. Aðalnámskrá leikskóla

Í Aðalnámskrá leikskóla árið 2011 var gerð menntastefna þar sem lögð er áhersla á grunnþætti menntunar þar sem horft er til læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Þeir snúast líka um framtíðarsýn, getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa.

Grunnþættir menntunar eru:

- Læsi
 - Sjálfbærni (umhverfismennt, grænfáni og Laufið)
 - Lýðræði og mannréttindi (farsæld barna og vináttuverkefnið með Blæ)
 - Jafnrétti (fjölmanning)
 - Heilbrigði og velferð (heilsueflandi vinnustaður)
 - Sköpun (myndlist og stærðfræði)
-

Grunnpættirnir eiga sér stoð, hver með sínum hætti í löggjöf fyrir leikskóla, ákvæði um menntun og fræðslu í skólakerfinu, stefnu stjórnvalda, stefnu alþjóðlegra stofnana og alþjóðlegra samninga sem Ísland er aðili að. Þegar stefnan var mörkuð var haft til hliðsjónar hugmyndir meðal annars um fagmennsku leikskólakennara og reynslu úr þróunarstarfi í leikskólum landsins. Hugmyndin að grunnþáttunum er sú að þeir eiga að endurspeglast í starfsháttum leikskólanna, þekkingu og leikni sem börnin afla sér sem og að vera sýnilegir í leikskólastarfinu. Í Vesturkoti eru starfandi teymi sem halda utan um hvern grunnþátt og gæta þess að þeir fái allir að blómstra í starfi leikskólans, í sviganum hér að framan má sjá áherslupætti teymanna.

3. Einkunnarorð/gildi

Fyrir skólaárið 2025-2026 voru valin ný gildi af starfsmannahópnum og varð fyrir valinu,

Leikur – Samvinna – Virðing.

Leikur

Leikurinn í allri sinni fjölbreytni er hornsteinn leikskólastarfsins og er hugað sérstaklega vel að því að börnin hafi næg tækifæri til að leika sér. Leikefni leikskólans er fjölbreytt og miðar að því að börn fái öll notið sín eftir áhugasviðum og þroska. Hvert tækifæri er notað til ýmissa hreyfileikja bæði úti og inni. Það sem skiptir mestu máli er að hvert barn fái að njóta sín í leik á eigin forsendum og hafi tækifæri til að fá nýjar hugmyndir í örvandi umhverfi.

Samvinna

Ríkjandi í Vesturkoti er samvinna milli allra aðila og hjálpast allir að við að láta daginn ganga sem best upp. Góð samvinna er milli leikskólans og heimila og hvetjum við foreldra að hika ekki við að vera í sambandi við okkur. Starfsfólk vinnur vel saman og fara hópstjórar sem vinna með sama aldur saman í undirbúning til að bera saman bækur sínar varðandi starf barnanna. Þá leggjum við mikla áherslu á að börnin vinni saman og finni lausnir á þeim málum sem upp koma.

Virðing

Börnin mótast mikið af því umhverfi sem þau eru í og þar sem mörg þeirra dvelja stóran hluta dagsins í leikskólanum hefur starfsfólk mikil áhrif á þau viðhorf sem börnin tileinka sér. Einnig skiptir miklu máli hvaða viðhorf starfsfólk hefur til barnanna því það hefur áhrif á hvaða viðhorf börnin hafa til þeirra sjálfra. Því er mikilvægt að starfsfólk temji sér jákvæðni og tali vingjarnlega til allra barna auk þess sem sýna þarf þeim virðingu. Starfsfólk þarf að vera góð fyrirmynd þar sem börn læra þá hegðun sem fyrir þeim er höfð. Mikilvægt er að öll börn fái sömu tækifæri til að þroskast og dafna. Lögð er áhersla á

sem vel er gert og börnunum er hrósað fyrir að sýna æskilega hegðun. Þannig fá börnin hvatningu og tilsögn til að halda áfram á sömu leið auk þess sem sjálfsmynd þeirra styrkist.

4. Megináherslur á skólaárinu

Á skólaárinu verður áfram stuðst við Bínu á yngri deildum og SMT á eldri til að mæta uppeldislegum markmiðum. Til að mæta námslegum markmiðum fá hópstjórar skipulagsmöppu þar sem undirbúningstíminn þeirra er meðal annars nýttur til að fylla inn í. Þá er búið að ákveða fyrir fram hvaða skal styðjast við hverju sinni. Í hópastarfi fara öll börn vikulega í stafainnlögn með Lubba, stærðfræði, vináttu stund með Blæ, í myndlist og í íþróttir í sal leikskólans undir handleiðslu íþróttakennara. Eftir fyrsta árið bætast við vettvangsferðir og á síðasta árinu fara börnin í golfkennslu hjá golfkennara Keilis. Til að brúa bilið milli leik- og grunnskóla hafa verið þróaðar Bryggjustundir fyrir næst elstu börn leikskólans og Brúarstundir fyrir elstu börnin. Í þeim stundum er farið dýpra í námsefnið og bætist við að spila og markviss málörvun sem er einnig nýtt með öllum börnum í samverustundum. Daglega er lesið fyrir börnin og er það á misjöfnum tíma dagsins eftir deildum.

Sérstakar áherslur leikskólaársins er frjáls leikur og virkni starfsfólk í leiknum til dæmis með stöðvum og í gegnum flæði. Það hefur verið ríkjandi í Vesturkoti að skipta barnahópnum í hópa eftir aldri og verður það gert áfram en á matmálistímum verður hópnum blandað saman. Þá verður lögð áhersla á teymin með það í huga að vinna þeirra skili sér til barnanna og verða teymin undir handleiðslu aðstoðarleikskólastjóra og sérkennslustjóra. Í lok skólaársins munu teymin skila frá sér köflum um sinn grunnþátt menntunar fyrir skólanámskrá Vesturkots. Móttaka nýrra starfsmanna verður tekin fyrir og verður útbúin handbók með skýrari verkferlum.

Vesturkot er fjölmenningarlegur leikskóli og mætum við áfram hverju barni þar sem það er statt, kennum því íslensku og að vera í íslensku samfélagi. Jafnréttisteymið heldur utan um fjölmenningu og ætlar teymið að gera fjölmennunguna sýnilegri í ár.

Það verður gefinn tími fyrir samstarf og samskipti og þá hvernig menningu starfsmannahópurinn vill að sé ríkjandi. Í ljósi þess að ný gildi hafa litið dagsins ljós í Vesturkoti verður þeim veitt athygli og þá sérstaklega hvernig gildin leikur, samvinna og virðing endurspeglast milli starfsfólks, til barna, foreldra og annarra sem koma að leikskólanum.

Samskipti við foreldra/forráðamenn verður óbreytt. Við ætlum að halda í fasta liði á borð við foreldrasamtöl, foreldrafund, Þorra- og Góukaffi sem er í kringum bónda- og konudaginn og sumarhátíð. Upplýsingaflæði til foreldra hefur verið gott, tölvupóstar eru sendir í gegnum Völu og

senda deildarstjórar vikulega pósta til foreldra þar sem farið er yfir vikuna. Einnig nýtum við töflur í fataklefum til að hengja upp áriðandi tilkynningar. Mikil áhersla er lögð á að starfsfólk eigi góð samskipti við foreldra því raddir þeirra og skoðanir eru mikilvægar. Við leggjum mikla áherslu á góða samvinnu og að leysa öll mál hratt og vel og er því foreldrar hvattir til að leita til okkar sama hvers eðlis málið er.

Samstarf við annað fagfólk og stofnanir verður einnig óbreytt frá fyrra ári. Mánaðarlega eru fundir með farsældarteymi og læsisteymi Hafnarfjarðar, tengiliður fjölmennningar og SMT handleiðslufundir eru reglulega. Samstarfið á Holtinu er til fyrirmyndar og eru fundir reglulega yfir skólaárið.

5. Starfsmannahald

Það er jákvæður og góður starfsandi í Vesturkoti og er lögð mikil áhersla á samvinnu og að starfsfólki líði vel. Starfsmannahópurinn fær reglulega fræðslu þess efnis þar sem það skipir máli og skilar sér til barnanna.

Starfsmannahópurinn í ár er fjölbreyttur, á öllum aldri og með ólíkan bakgrunn. Það verða alls 29 starfandi í misháu starfshlutfalli. 7 eru með leyfisbréf, 2 með aðra háskólamenntun í námi til að fá leyfisbréf, 2 með aðra háskólamenntun, 1 í fagháskólanámi og 2 hafa lokið leikskólaliðanámi. Starfsfólk er hvatt til að afla sér fræðslu og fara alltaf frá okkur 2-4 á Kraganámskeið, 1-2 fara á SMT/PMTO skólafærni námskeið, 2-4 fara á námskeið á vegum vináttuverkefnisins með Blær svo eitthvað sé talið upp.

Móttaka nýrra starfsmanna er samvinnuverkefni og deilist á milli deildarstjóra, aðstoðarleikskólastjóra og leikskólastjóra. Handbók fyrir nýtt starfsfólk er í vinnslu til að skerpa á hlutverkum og til að gera nýja starfsmanninn öruggari. Starfsmanni er gerð grein fyrir þagnarskyldu og trúnaði strax í upphafi ráðningar.

Starfsþróunarsamtöl eru tekin í mars til skiptis af deildarstjórum og af leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Hugmynd hefur komið upp að bæta við samtölum í október sem deildarstjórar taka og í mars væri það í höndum leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.

6. Daglegt starf

Læsi og samskipti

Öll börn hafa þörf fyrir að eiga samskipti við aðra. Þau þurfa því að fá tækifæri til að koma líðan sinni, skoðunum og hugmyndum á framfæri. Einnig þurfa þau að fá tækifæri til að spyrja spurninga og leita svara til að auka þekkingu sína og skilning. Börn geta átt boðskipti á ýmsan máta, til dæmis með látbragði, ýmsum hljóðum, snertingu og myndmáli. Starfsfólk er fyrirmynd barnanna bæði þegar kemur að málörvun og samskiptafærni. Einnig að hafa orð á allar athafnir, tala skýrt íslenskt mál með fjölbreyttum orðaforða og vanda sig í samskiptum.

Í Aðalnámskránni kemur fram að tungumálið gegnir stærsta hlutverkinu og er mikilvægasta tækið til boðskipta. Börn fá jákvæða sjálfsmynd og aukið sjálfstraust ef þau hafa góð tök á móðurmálinu, þar sem þau fá orð yfir hugsanir sínar, tilfinningar, fyrirætlanir og langanir. Með tungumálinu öðlast börn tækifæri og kjark til að koma sínum skoðunum á framfæri og efla skilning sinn á ólíkum þörfum og skoðunum annarra. Á leikskólaaldri er lagður grundvöllur að málþroska barna.

Markmið með námssviðinu læsi og samskipti

Skapa þarf aðstæður í Vesturkoti svo börnin fái að:

- Kynnast tungumálinu og þeim möguleikum sem það hefur
- Eiga jákvæð samskipti við aðra
- Tjá sig með fjölbreyttum hætti um líðan sína og langanir
- Njóta þess að hlusta á sögur, semja eigin sögur, ljóð og ævintýri
- Skilja að ritað mál og tákn hafa merkingu
- Koma skoðunum sínum og hugmyndum á framfæri eftir ólíkum og fjölbreyttum leiðum og geta sagt frá liðnum atburðum
- Kynnast menningararfinum, hátíðum og tyllidögum auk þess að fræðast um menningu annarra þjóða
- Setja sig í spor annarra og virða þær hugmyndir og skoðanir sem aðrir hafa
- Öðlast fjölbreyttan orðaforða og málskilning

Heilbrigði og vellíðan

Einn mikilvægasti þátturinn í þroska ungra barna er að stuðla að heilbrigði þeirra og vellíðan. Það er undirstaðan fyrir aðra námsþætti því ef ekki er hugað nægilega að því að tryggja heilbrigði og vellíðan barna eru þau síður móttækileg fyrir öðru námi. Í Aðalnámskrá kemur fram að í leikskólum eiga börn að fá tækifæri til að tileinka sér heilbrigða lífshætti. Einnig þarf að stuðla að vellíðan allra barna. Með

heilbrigði er átt við hreyfingu, almennt hreinlæti, hollt mataræði og hvíld við hæfi hvers og eins. Líðan barna hefur áhrif á sjálfsmynd þeirra og segir til um hvort þau hafi trú á eigin getu og séu tilbúin að takast á við það sem lífið býður upp á. Það er því gríðarlega mikilvægt að huga að líðan allra barna og umhyggjan og jákvæð samskipti skipa stóran sess í starfinu.

Markmið með námssviðinu heilbrigði og vellíðan

Búa þarf börnunum aðstæður svo þau fái tækifæri til að:

- Hreyfa sig frjálst
- Samhæfa hreyfingar
- Sýna öðrum umhyggju og skilning
- Borða hollan og staðgóðan mat
- Fræðast um hollustugildi matarins
- Efla færni til slökunar
- Eiga jákvæð samskipti við aðra
- Hugsa að mikilvægi hreinlætis

Sjálfbærni og vísindi

Íslensk náttúra er einstök og lífsafkoma okkar er undir henni komin að mörgu leyti. Íslenskt veðurfar er breytilegt og hefur mikil áhrif á allt okkar líf og segja má að líf okkar sé samtvinnað náttúrunni. Strax í frumbersku beita börn ýmsum aðferðum við að kanna og reyna að skilja umhverfi sitt. Þau horfa, hlusta, snerta, bragða, handleika, flokka, bera saman, rannsaka og draga ályktanir. Ung börn læra í gagnvirkum samskiptum við umhverfi sitt. Þennan mikla fróðleiksporsta þarf að styðja við og kynna leikskólabörnum og vonandi kveikja hjá þeim áhuga á landi og þjóð. Mikilvægt er að börn fái tækifæri til að kynnast fjölbreytileika náttúrunnar strax á leikskólaaldri, komast í tengsl við hana og njóta hennar. Ef börn fá að njóta fegurðar náttúrunnar, læra þau að bera virðingu fyrir henni. Þannig er börnunum kennt að vernda náttúruna strax frá unga aldri og eflir það með þeim ábyrgðarkennd.

Undir náttúrunnar eru óþrjótandi. Óendanleg uppspretta nýrra hugmynda, leikja, viðfangsefna og athugana er þar hægt að nýta til að örva leik og starf barnanna. Í Aðalnámskrá kemur fram að nauðsynlegt er að hlusta eftir hvað börnin vilja og reyna þannig að átta sig á hvernig þau hugsa og skilja hlutina. Ýta þarf undir forvitni og vangaveltur barnanna og hvetja þau til að spyrja spurninga og leita mismunandi lausna. Jafnframt ber að ýta undir vísindalega hugsun og aðstoða börn við að sjá tengsl, orsök og afleiðingu og styrkja skilning þeirra á hugmyndum og hugtökum.

Markmið með námssviðinu sjálfbærni og vísindi

Búa þarf börnunum aðstæður svo þau fái að:

- Læra að bera virðingu fyrir náttúrunni, umhverfi sínu, gróðri og plöntum
 - Fylgjast með hvernig gróðurinn breytist milli árstíða
 - Öðlast þekkingu á sínu nánasta umhverfi
 - Kynnast náttúrunni
-

- Auka þekkingu á stærðfræðilegum viðfangsefnum, s.s. tölum, táknum og mynstrum
- Fá skilning á hringrásum, fyrirbærum og lífverum í náttúrunni
- Átta sig á rými, fjarlægðum og áttum
- Kynnast eiginleikum ýmissa efna og hluta
- Upplifa möguleika og takmarkanir tækninnar

Sköpun og menning

Sköpun er mikilvægur þáttur í námi og þroska barna. Til að börnin geti notað sköpunarhæfileika sína sem best er nauðsynlegt að umhverfið sé þannig gert að það örvi skynjun og styðji við þann sköpunarkraft sem í börnunum býr. Skapandi starf á fyrst og fremst að beinast að ferlinu sjálfu, gleðinni, tjáningunni og því námi sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín. Börn búa við mismunandi uppeldisskilyrði auk þess sem menningarlegur og samfélagslegur uppruni þeirra er misjafn. Það er því nauðsynlegt að taka tillit til mismunandi fjölskyldugerða og uppruna barnanna. Leitast þarf við að efla tilfinningu barnanna fyrir því að þau tilheyri samfélaginu og séu hluti af því.

Menningin er samofin leikskólastarfinu og tengist því leik barna, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu. Því er nauðsynlegt að hafa í huga að börnunum sé gert kleift að nálgast viðfangsefni frá mörgum hliðum og á eigin forsendum. Í Aðalnámskrá kemur fram að leikskólakennarar eru í því hlutverki að velja leiðir sem hvetja til skapandi hugsunar og sjálfstæðra vinnubragða hjá börnunum. Þeir þurfa að vera opnir fyrir þeim hugmyndum sem börnin fá og vera tilbúnir til að grípa þau tækifæri sem gefast. Þó svo í upphafi hafi kennari skipulagt starfið koma upp atvik sem fanga athygli og áhuga barnanna og þá er nauðsynlegt að vera tilbúinn til að nýta það.

Markmið með námssviðinu sköpun og menning

Skapa þarf aðstæður svo börnin fái tækifæri til að:

- Skapa og tjá upplifun sína á fjölbreyttan hátt
- Nota sköpunarhæfni sína
- Fá nýjar hugmyndir í listsköpun
- Þroska fínhyrningar
- Læra texta og taka þátt í söng
- Njóta fjölbreyttrar menningar og lista
- Taka þátt í að móta menningu leikskólans
- Vinna með fjölbreyttan efnivið
- Þroska með sér næmi fyrir hljóðum, hreyfingu og hrynjanda
- Taka virkan þátt í hátíðar- og tyllidögum sem haldið er upp á

7. Skóladagatal

Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri og deildarstjórar gera leikskóladagatal sem borið er undir foreldraráð til samþykktar. Leikskóladagatalið fer síðan til samþykktar í fræðsluráð Hafnarfjarðar og eftir það inn á upplýsingasíðu leikskólans á síðu Hafnarfjarðarbæjar, <https://hafnarfjordur.is/leikskoli/vesturkot/>

Skipulagsdagar verða: 22. ágúst, 14. nóvember, 16. janúar, 23. febrúar og 24. apríl.

Starfsmannafundur verða: 15. september, 8. desember, 23. mars og 18. maí.

8. Samstarf

Eins og fram hefur komið er samstarfið á Holtinu til fyrirmyndar og eru í því leikskólarnir Álfasteinn, Smáralundur og við, ásamt Hvaleyrarskóla. Mánaðarlega eru heimsóknir til skiptis milli okkar og Hvaleyrarskóla. Þá er okkur alltaf velkomið að koma á bókasafnið sem hóparnir af eldri deildum nýta sér reglulega og tekur Sif bókasafnsvörður skólans alltaf glaðlega á móti börnunum. Hóparnir fara reglulega á sýningar í Hafnarborg og á Bókasafn Hafnarfjarðar í sögustund. Starfsfólk golfklúbbsins Keils tekur ár eftir ár fagnandi á móti elstu börnunum okkar og kennir þeim grunn að golfi. Foreldrasamstarf er gott og er ríkjandi öflugt foreldrafélag og foreldraráð.

9. Stoðþjónusta

Mikilvægt er að öll börn geti notið leikskólagöngunnar sem best. Starfsfólk Vesturkots leggur mikla áherslu á að koma á móts við öll börn með tilliti til þroska þeirra og getu. Í reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010 er fjallað um markmið með sérfræðiþjónustu. Þar kemur fram að stuðla beri að því að kennslufræðileg, sálfræðileg, þroskafræðileg og félagsfræðileg þekking nýtist sem best í skólastarfi. Í reglugerðinni kemur einnig fram að sveitarstjórn skipuleggur sérfræðiþjónustu í samráði við skólastjórnendur. Gera þarf ráð fyrir rými í leik- og grunnskólum til að veita sérfræðiþjónustu þegar á þarf að halda vegna nemenda með sérþarfir, óháð því hver veitir þjónustuna. Skólastjórum ber að hafa frumkvæði að samstarfi við sérfræðiþjónustu sveitarfélaga, félagsþjónustu, barnaverndaryfirvöld og heilbrigðisþjónustu innan sveitarfélagsins vegna málefna einstakra barna með sérþarfir og langvinn veikindi.

Starfsfólk Vesturkots metur í samráði við sérkennslustjóra hvaða börn kunna að eiga í námserfiðleikum með því að notast við viðeigandi matstæki. Passað eru upp á að öll börn fái þá aðstoð sem þau þurfa á að halda. Þá er fylgst með framförum barnanna og brugðist jafnóðum við. Í Vesturkoti fara börn í vinnustundir ein og/eða í minni hópum til sérkennara þar sem slakir þættir eru sérstaklega þjálfaðir. Allar athuganir á vegum sérfræðiþjónustu sem varða einstaka börn eru gerðar í samráði við og með formlegu samþykki foreldra.

Ýmsar skimanir- og skráningarlistar eru notaðir til þess að kortleggja færni og þroska barna. Helst má nefna eftirtalda lista:

- Orðaskil (orðaforði og setningamyndun)
- TRAS (málþroski, framburður og leik- og samskiptafærni barna)
- Hljóm-2 (hljóðkerfisvitund barna á síðasta ári í leikskólans)
- AEPS (mat á almennum þroska barna)
- Getur/getur ekki listi (málþroski og undanfari máls)

Hafnarfjarðarbær hefur þróað verklag með það að markmiði að samþætta þjónustu og efla stuðning við börn í leik- og grunnskólum. Verklagið felur í sér samvinnu sérfræðinga af mennta- og lýðheilsusviði og af fjölskyldu- og barnamálasviði og leggur áherslu á þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra á fyrri stigum. Þetta verklag er í takt við ný farsældarlög sem sveitarfélögum er ætlað að innleiða á næstu árum. Í farsældarteymi Vesturkots sitja sérkennslustjóri sem er einnig tengiliður farsældar, aðstoðar-leikskólastjóri og leikskólastjóri auk tveggja ráðgjafa, annars vegar frá mennta- og lýðheilsusviði og hins vegar frá fjölskyldu- og barnamálasviði. Deildarstjóri situr fundi með teyminu þegar fjallað er um málefni barna á deild viðkomandi deildarstjóra. Hlutverk teymisins er að kortleggja stöðu barna og leita sameiginlegra lausna til stuðnings þeirra og fjölskyldu þeirra. Farsældarteymi fjallar um nám, hegðun, þroska og/eða líðan barna með samþykki foreldra og viðunandi úrræði eru svo virkjuð til að bregðast við erfiðleikum eða aðstæðum barna. Dæmi um úrræði er að vísa börnum til talmeinafræðings vegna gruns um frávík í málþroska, til sálfræðings vegna mats á þroska eða óska eftir ráðgjafa sem aðstoðar foreldra og forráðamenn með uppeldishlutverkið.

10. Mat á skólastarfi

Innra mat

Fram kemur í Aðalnámskrá á í innra mati á leikskólastarfi skal gerð grein fyrir tengslum við þau markmið sem sett eru fram í skólanámskrá. Aðferðirnar eiga að taka mið af viðfangefnunum sem unnið er að hverju sinni. Innra matið á að byggjast á kerfisbundnum aðferðum sem birtast hér í þessari

skólanámskrá. Í Aðalnámskránni kemur einnig fram að lagt sé til að innra matið fléttist saman við daglegt starf og það eigi að ná til allra þátta skólastarfsins, svo sem stjórnunar, starfs- og kennsluhátta og samskipta innan og utan deilda. Þá er lögð áhersla á að allt skólasamfélagið taki þátt í mati á skólastarfinu. Tilgangurinn með innra mati er að veita upplýsingar um styrkleika í starfi leikskólans og það sem betur má fara. Í ljósi niðurstaðna innra mats er gerð áætlun um umbætur og skilgreindar eru leiðir að þeim. Leikskólinn birtir opinberlega upplýsingar um niðurstöður innra mats og áætlanir um umbætur.

Matsteymi

Allt starfsfólk kemur að úrbótum en í matsteymi Vesturkots eru stjórnendur leikskólans.

Stjórnun

Stjórnun leikskólans er metin bæði í starfsmannakönnunum sem lagðar eru fyrir starfsmenn og foreldrakönnunum. Hingað til hefur mat á stjórnun komið vel út hjá báðum þessum hópum.

Leikskólabragur

Leikskólabragur er metinn bæði með því að stjórnendur leikskólans útbúa spurningar, vinna verkefni með starfsmannahópnum, með spurningum í starfsmannasamtölum og fleira. Ytra mat er framkvæmt af Hafnarfjarðarbæ. Í kjölfarið er unnin úrbótaáætlun þar sem rýnt er í þá þætti sem tækifæri eru til að gera betur. Leikskólabragur, starfsánægja og hollusta við vinnustaðinn hefur alltaf mælst vel hjá leikskólanum.

Uppeldi og menntun

Leikskólastarf snýst fyrst og fremst um börnin og því er nauðsynlegt að hafa alltaf til hliðsjónar þeirra hagsmuni. Skipulagning skólastarfsins á því að miða að þeirra þörfum til að þroskast og dafna. Í nútímasamfélagi er lögð áhersla á að hafa börn með í ráðum sem virka þátttakendur í leikskólastarfi, í áætlanagerð og í mati á starfinu. Því er mikilvægt að leita eftir sjónarmiðum þeirra sem minnst vægi og vald hafa í skólanum en hafa jafnframt mestra hagsmuna að gæta af leikskólastarfi, það er barnanna sjálfra. Foreldrar þeirra og starfsfólk leikskóla eru þeir hópar sem einnig eiga að koma að slíku mati.

Börnin meta skólastarfið með áhuga sínum og virkni á hverjum degi. Reglulega yfir daginn gefst tími til að spjalla við börnin um það sem framundan er og leita viðbragða þeirra við því. Val á hópanafni er í þeirra höndum. Atkvæðagreiðslur fara fram þegar velja á næstu sólarveislu í tengslum við SMT og geta þá börnin valið á milli nokkurra viðburða. Elstu börn leikskólans skiptast á að vera brunaverðir og ganga þá um skólann og meta hvort staðið sé vel að brunavörnum í húsinu samhliða því hlutverki sinna

þeir umhverfismennt og kanna þá meðal annars hvort ljós séu í mannlausum rýmum. Starfsfólk er hvatt til að hlusta eftir vilja barnanna og skipuleggja hópstarfið með það til hliðsjónar.

Foreldrasamstarf

Annað hvert ár leggur Skólapúlsinn könnun fyrir foreldra um viðhorf til leikskólans og menntunar barna. Þá meta foreldrar einnig líðan barna sinna í leikskólanum og hafa möguleika á að koma sínum tillögum á framfæri. Niðurstöðurnar eru birtar opinberlega. Í Vesturkoti er útbúin umbótaáætlun í samræmi við niðurstöðurnar og ígrundað er hvað og hvernig sé hægt að bæta skólastarfið með hagsmuni barnanna í fyrirrúmi. Árlega er foreldrum boðið í foreldrasamtal þar sem deildarstjóri og/eða hópstjóri viðkomandi barns fer yfir mat á þroska og líðan barnsins. Foreldrar miðla til starfsfólks hvernig þeir meta stöðu barnsins heima við og tækifæri gefst til að koma ábendingum á framfæri er varða frekari uppbyggingu á leikskólastarfinu.

Mat á námi barna

Orðaskil

Prófið byggir á orðaforðagátlista fyrir börn á aldrinum eins og hálf til þriggja ára. Prófinu er ætlað að mæla orðaforða barnanna svo og hvort þau hafa náð valdi á beygingarkerfi og setningagerð málsins. Aldursviðmið fylgja prófinu, en með samanburði við þau er skorið úr um hvort málþroski barna mælist innan eðlilegra marka miðað við jafnaldra.

Hljóm

Hljóm-2 er ætlað að til að athuga hljóð og málvitund barna á leikskólaaldri, 4-6 ára. Höfundar prófsins eru Ingibjörg Símonardóttir, Jóhanna Einarsdóttir og Amalía Björnsdóttir og var það gefið út árið 2002.

Prófbættir þess eru:

- Rím, að finna hvaða orð á mynd rímar við gefið orð
 - Samstöfur, að klappa takt orða
 - Samsett orð, að finna hvaða orð verður til úr tveimur orðum
 - Hljóðgreining, að greina hvort tiltekið hljóð er í orði
 - Margræð orð, að finna tvær myndir af sama orði
 - Orðhlutaeyðing, að finna hvaða orð verður eftir ef hluti þess er numinn á brott
 - Hljóðtenging, að finna orð sem er hljóðað hægt
-

Ytra mat

Mennta- og menningarmálaráðuneytið eða sveitarfélagið sér um ytra mat á leikskólastarfi. Matið felst í úttektum á skólastarfinu eða einstökum þáttum þess. Fræðsluráð hefur eftirlit með því að starfsemi leikskóla samræmist leikskólalögum, reglugerðum og aðalnámskrá leikskóla. Það er meðal annars gert með því að kalla eftir starfs- og símenntunaráætlunum, skóladagatölum og öðrum forvarnaráætlunum er við eiga hverju sinni. Fræðsluráð ber ábyrgð á að skólastarfið sé metið með hliðsjón af aðstæðum og sérstöðu hvers leikskóla og að skólinn meti innra starf sitt með markvissum hætti.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið ber ábyrgð á því að fylgjast með því að sveitarfélög uppfylli lögbundnar skyldur sínar gagnvart skólum. Aðalnámskrá myndar grunn viðmiða sem skólastarfið hvílir á en í skólanámskrá útfærir hver skóli nánar þau markmið og viðmið sem sett eru fram í aðalnámskrá. Innra- og ytra mat á skólastarfi á að ná til allra lögbundinna markmiða skólastarfsins (Aðalnámskrá, 2011).

11. Öryggi og velferð

Í leikskólanum eru til staðar eftirfarandi áætlanir:

- Forvarnir gegn líkamlegu- og kynferðislegu ofbeldi gegn börnum og vanrækslu
 - Lýðheilsa er í höndum heilbrigði og velferð teymið og er Vesturkot heilsuefandi vinnustaður
 - Áfallaáætlun, ef upp kemur áfall í leikskólanum heldur samráðsteymi utan um það, í því sitja stjórnendur
 - Slys- og rýmingraáætlun
 - Viðbrögð við jarðskjálfta
 - Viðbrögð við röskun á skólastarfi, leiðbeiningar frá Almannavörnum
 - Öryggisnefnd er í höndum samráðsteymis
 - Öryggisvörður er leikskólastjóri
 - Öryggistrúnaðarmaður – þarf að kjósa nýjan
-